

**Nr. 011 / 14 Huginn VE 55*****Skipverji slasast við veiðarfæri***

Skipaskr.nr. 2411  
IMO.nr. 9211690  
Smíðaður: Chile 2001, stál  
Stærð: 1136 brl. 2392 bt.  
Mesta lengd: 68,25 m Skráð lengd: 61,21 m  
Breidd: 14 m Dýpt: 9,65 m  
Vél: MaK 1999, 4320 kW 1999  
Fjöldi skipverja: 18



Huginn©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNS

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 7. febrúar 2014 var Huginn VE 55 á loðnuveiðum með flottroll í Breiðamerkurdýpi. Veður NA -gola

Verið var að láta trollið fara þegar fótrepiskeðja festi einn streng (möskva í vængnum) ofarlega í öðrum væng trollsins svo hann vafðist aftur upp á tromluna í útslökuninni (törnaðist). Eftir að beitt hafði verið hefðbundnum aðferðum við að losa strenginn losnaði hann þegar mikið tog var komið á hann og skaust ofan af tromlunni. Skipverji sem stóð framan við tromluna og til hliðar við festuna varð fyrir bugtinni þegar hún sveiflaðist í boga fram fyrir tromluna og skaust fyrir borð. Bugtin lenti á höfði og baki slasaða og brotnaði hjálmur hans. Hann hlaut áverka á höfði, öxl og herðablaði.

Skipstjórinn, sem var að fylgjast með aðgerðum á skjá í brú, sá ekki hvað gerðist fyrir en slasaði lá í þilfarinu og aðrir skipverjar voru að huga að honum. Slasaði var færður inn og hafist handa við að taka inn það sem komið var út af trollinu. Siglt var á móti þyrlu sem flutti slasaða á sjúkrahús.

**Við rannsókn kom fram:**

- að útslökun fer aftur og ofan af tromlunni og stóðu tveir skipverjar fyrir framan hana en utan við það svæði sem festan var. Þeir sögðust báðir hafa verið meðvitaðir um hættuna sem stafaði af átökunum á strenginn en töldu sig örugga þar sem þeir stóðu;

- að slasaði sagði að þeir hafi verið búnir að brasa um nokkurn tíma í því að losa um „törnun“ á tromlunni en einn af strengjunum í vængnum hafði klemmst undir fótrepiskeðju. Þeir hafi verið búnir að hífa og slaka á víxl og beita þeim aðferðum sem við var höfð þegar svona festur urðu. Ekki hafi verið þorandi að fara inn á trolldekkið til að skera á strenginn en þeir hafi vonað að hann myndi slítna því mest af trollinu var farið út;
- að skipverji sem einnig vann við að losa festuna sagði að þeir hafi ekki notað upphalaraspilið til að taka í fótrepiskeðjuna því þeir hafi reynt að losa um hana með höndum eftir að trollið var sett fast í stroffu og slakað hafði verið á strengjunum inn á tromluna. Þegar þeim þótti nóg að gert var slakað aftur í trollið og þegar fasti strengurinn vafðist upp á tromluna og kominn efst á hana skaust strengurinn úr festunni í boga fram og aftur út;
- að strengirnir sem mynda vænginn eru úr dynema tógi frá 16 mm og niður í 14 mm. Grennstir eru þeir 10 mm í belgnum;
- að bugtin fór fyrst í hjálminn sem skaust af slasaða og brotnaði hann á hliðinni við eyrað.

### *Nefndarálit:*

Orsök slyssins var sú að strengur sem verið var að losa úr festu lenti á slasaða.

Nefndin bendi á að þó svo menn standi eitthvað til hliðar við svona festu þá verða þeir að gera ráð fyrir að „skotstefnan“ geti orðið önnur, en sýnist, þegar festan losnar.